

**Viðtakandi**

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

**Efni: Beiðni um styrk**

Krabbameinsfélagið Sigurvon var stofnað í nóvember 2011 og eru félagsmenn okkar í kringum 350 talsins. Félagið styður krabbameinsgreinda með því að niðurgreiða gistikostnað í íbúðum á vegum Krabbameinsfélags Íslands sem fólk getur nýtt sér þegar haldið er suður til meðferðar. Einnig höfum við síðustu ár veitt fjárstyrki árlega til þeirra sem greinast með krabbamein og leita til okkar. Þegar vel hefur gengið höfum við styrkt fólk aukalega rétt fyrir jólin.

Við höfum unnið markvisst í því að fræða íbúa og sýna frá starfinu okkar og við það að gera Sigurvon sýnilegt í samfélagini. Þetta höfum við gert með fræðslu t.d. í menntaskólanum, verið með beinþéttimælingar á Ísafirði og Patreksfirði, við höfum haldið kaffihúsavöld, bleikt boð, sumarhátíðir svo fátt eitt sé nefnt. Ekki má þó gleyma Vinum í Von sem er stuðningshópurinn okkar sem hittist reglulega yfir vetrartímamann.

Öll okkar innkoma kemur í gegnum félagsjöld félagsmanna og styrki frá einstaklingum og fyrirtækjum. Án þess væri félagið snautt. Við viljum geta aðstoðað þá sem greinast með krabbamein og fjölskyldur þeirra eins vel og mögulegt er og erum við því nú að snúa okkur til sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum og óskum eftir því að þau komi að félagini með einhverjum hætti, t.d. í formi ársstyrkja.

Við viljum og ætlum að halda áfram góðu starfi félagsins m.a. með fræðslu til almennings.

Við í stjórn Sigurvonar erum tilbúin til að koma að hitta ykkur og segja betur frá félagini og okkar starfi og til að svara öllum þeim spurningum sem þið kunnið að hafa.

Með von um góðar undirtektir

Virðingarfyllst

f.h. Stjórnar Sigurvonar

Helena Hrund Jónsdóttir

Helena Hrund Jónsdóttir,

formaður Krabbameinsfélagsins Sigurvonar

Pollgata 4

400 Ísafjörður

[sigurvon@snerpa.is](mailto:sigurvon@snerpa.is) / 8496560